




Julia Roberts vill ættleiða

Stórstjarnan Julia Roberts hefur víst ekki tíma til að biða eftir að nýi kærastinn hennar skilji við eiginkonuna og vill fá barn strax. Samkvæmt síðferðinu í Hollywood þýðir það bara eitt. Hún verður að ættleiða eins og svo margar stjórnur hafa gert undanfarin ár.

„Hún er orðin leið á að biða eftir manningum sem getur orðið faðir barna hennar. Þess vegna hefur hún ákveðið að taka málin í eigin hendur,“ segir náinn vinur Julíu í viðtali við bandaríska æsiritið Star.

Julia hefur átt fjölda ástemma í gegnum tíðina. Núverandi rekkjunaður hennar er kvæntur kvikmyndatökumaður, Danny Moder að nafni.

Sagt er að Julia hafi farið að líta líf sitt öðrum augum í kjölfar hryðjuverkaárásanna í haust og því liggi henni þessi lífandis ósköp á að eignast barn.



Delon tilbúinn að slaka á

Franski stórleikarinn Alain Delon hefur vakið mikla lukku í heimalandi sínu fyrir túlkun sína á löggunni Fabio Montale í sjónvarpssýrpu um löggöf sem komin er af léttasta skeiði og berst gegn spillingu og alls konar óþverra í Miðjarðarhafsborginni Marseille.

Þegar þáttur númer tvö í sýrpu var forsýndur í Marseille fyrir skömmu lét Delon að því liggja að kominn væri tími til að leggja leiklistina á hilluna.

„Það er dásamlegt að enda á þessum nótum,“ sagði gamli hjartaknúsarinn við það tækifæri.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Delon talar um að hætta kvikmyndaleik því á árinu 1998 tilkynnti hann það í beinni sjónvarpsútsendingu að hann væri hættur. Þá var hann svekktur yfir því að þrjár síðustu myndir hans höfðu fengið heldur dræmar viðtök.



DV-MYNDIR EINAR J

Grínaktugir gestir

Guðjón Pedersen, leikhússtjóri Borgarleikhússins, lét sig ekki vanta á uppistandið. Hér er hann ásamt Ninu Magnúsdóttur myndlistarmanni og Magnúsi Árna Skúlasyndi framkvæmdastjóra.



Hitt höfuðið

Sigurjón Kjartansson og Jón Gnarr hafa brallað margt saman í gegnum tíðina, framleitt útvarps- og sjónvarpsþætti og staðið fyrir uppistandi. Í þetta sinn stóð Jón einn á sviðinu en Sigurjón sat úti í sal.

Ný sýning Jóns Gnarrs:

Eins manns uppistand

Grínistinn Jón Gnarr hefur hleypt af stokkunum nýrri dagskrá í Borgarleikhúsinu þar sem hann stendur

einn á sviði og fer með gamanmál eins og honum er einum lagið. Frumsýning var á laugardaginn og var

hvert sæti var skipað enda hafa margar beðið hennar með mikilli eftirvæntingu. Jón hefur á undanförnum árum

skipað sér í fremstu röð íslenskra grínara, ýmist einn síns liðs eða með Fóstbræðrum og Tvíhöfða.

Arnarborg 30 ára:

Fjör í leikskólanum

Elsti leikskóli Breiðholtshverfis, Arnarborg, fagnaði 30 ára afmæli sínu á laugardaginn með því að blása til heljarinnar veislu fyrir starfsfólk, börn og foreldra. Sýndu börnin meðal annars ýmislegt fön-

ur og listaverk sem þau hafa unnið í skólanum auk þess sem þau tóku lagið fyrir gesti og gangandi. Ljósmyndari DV brá sér inn á Arnarborg þegar veislan stóð sem hæst og smelli af nokkrum myndum.



Sungjó af hjartans lyst

Börn og fóstrur sungu nokkur lög saman sem þau hafa æft í skólanum.



DV-MYNDIR EINAR J

Upprennandi bakari

Hann átti ekki vandræðum með að handleika kökukeflið þessi litli gutti sem sat og flatti út leir í gríð og erg.



Prinsar og prinsessur

Í tilefni afmælisins höfðu öll börnin glæsilega pappakórónu á höfði.

Listaflétta í Langholtskirkju

Eftir var til margþættrar menningardagskrár í Langholtskirkju á laugardaginn undir yfirskriftinni Listaflétta í Langholtskirkju. Auk tónleika þar sem flutt voru verk frá endurreisnar- og barokktímanum var opnuð sýning á verkum listamann-

anna Ásgerðar Búadóttur og Kristjáns Davíðssonar. Enn fremur las Thor Vilhjálmsson rithöfundur úr verkum

sínum og skáldbróðir hans Einar Már Guðmundsson flutti stutt erindi. Það var hið nýstofnaða Listráð Langholts-

kirkju sem stóð að dagskránni en ráðið hyggst beita sér fyrir öflugum lista- og menningarstarfi í kirkjunni.



Formaður Listráðsins

Einar S. Einarsson er formaður hins nýstofnaða Listráðs Langholtskirkju. Hér sést hann ásamt eiginkonu sinni Svölu S. Jónsdóttur og Jóni Stefánssyni, kórstjóra og organista kirkjunnar.



DV-MYNDIR EINAR J

Tíu mínútur í tónleika

Tónlistarmennirnir Guðmundur Hafsteinsson og Oddur Björnsson bera saman bækur sínar rétt fyrir tónleikana á laugardaginn.

Sími:
544 4656

MHG
VERSLUN

Dalvegur 16a • 201 Kópavogur • Pósthólf 564 • Sími: 544 4656
Fax: 544 4657 • Netfang: mhg@mhg.is

SNJÓKEÐJUR
Fyrir flestar gerðir vinnuvéla og vörubifreiða